

Ferðareglur TSÍ

Keppendur, fararstjórar, flokksstjórar, þjálfarar og dómara skulu ávallt vera til fyrirmyndar um alla framkomu í ferðum á vegum TSÍ og sýna hæversku og reglusemi á leikvangi og utan. Á ferðalagi sameinast allir í að vinna að velferð hópsins, góðri ímynd, liðsheild og velgengni. Agabrot leiða til ferðabanns eftir nánari ákvörðun stjórnar TSÍ.

Fararstjóri:

- Fararstjóri fer með æðsta vald og ábyrgð meðan á ferð stendur og er ábyrgur gagnvart stjórn TSÍ. Hann kemur fram fyrir hönd hópsins og þarf því að tala íslensku og ensku eða það mál sem talað er í viðkomandi landi.
- Fararstjóri skal skipaður svo snemma sem auðið er, gjarnan að hausti um leið og tekin er sú ákvörðun að senda keppendur á ákveðið mót.
- Fararstjóri fylgist með undirbúningi ferðar í samráði við landsliðsþjálfara, dómara og skrifstofu TSÍ s.s. bókun á flugi, rútu eða lestarferðum.
- Fararstjóra ber að halda fund með keppendum og aðstandendum þeirra, svo fljótt sem auðið er eftir að ákvörðun hefur verið tekin. Þar er farið yfir undirbúning fyrir mótið, reglur mótsins, ferðareglur TSÍ og lyfjamál. Fararstjóri nýtur aðstoðar stjórnar TSÍ og tækninefnda við slíka fundi. Ef ekki liggja fyrir ákvarðanir um endanlegan hóp þátttakenda skulu allir sem til greina koma boðaðir á slíkan fund.
- Fararstjóri ásamt þjálfara fer yfir búningamálin, hvort allir séu með réttan landsliðsgalla og keppnisbúninga.
- Fararstjóri vinnur í samráði við þjálfara, sem sjá um allan faglegan grunn.
- Fararstjóri sér um að innrita hópinn í flug og á gistað. Hann situr fararstjórufundi á mótsstað og kemur upplýsingum til þjálfara og keppenda.
- Fararstjóri mætir á æfingar hópanna, eftir því sem við verður komið.
- Fararstjóri er tengiliður þjálfara við mótstjórn.
- Fararstjóri kemur úrslitum og öðrum upplýsingum til skrifstofu TSÍ, þannig að hægt sé sem fyrst að koma þeim í fjölmiðla.
- Fararstjóri fær afhenta sjúkratösku, íslenska fánann og þjóðsöng. Þessu ber að skila innan viku eftir heimkomu.
- Fararstjóri sér um að afhenda gjöf í lokahófi og þakka fyrir, fyrir hönd hópsins þar sem það á við.
- Fararstjóri skal skila skýrslu um ferðina til TSÍ eigi síðar en 15 dögum eftir heimkomu.
- Fararstjóri sinnir öðrum störfum sem tengast velferð, góðri ímynd, liðsheild og þátttöku hópsins í viðkomandi ferð.
- Fararstjóra er heimilt að senda heim þátttakendur og/eða fylgdarmenn ef þeir hafa, að hans mati, brotið verulega gegn reglum þessum.
- Krefjist stærð hópsins þess, skipar stjórn TSÍ aðstoðafararstjóra. Þá er heimilt að notast við aðra starfsmenn TSÍ í ferðinni s.s. dómara og þjálfara.

Þjálfarar:

- Þjálfarar annast alla faglega þátt sem tengjast keppendum og keppninni sjálfri. Kynna keppendum skipulag keppni og æfinga og sjá til þess að þeir séu stundvísir. Þeir leita til fararstjóra ef þörf krefur.
- Þjálfarar skuli ávalt vinna í samráði við fararstjóra, sem hefur lokaorðið ef kemur upp ágreiningur.
- Þjálfari ber ásamt fararstjóra, ábyrgð á keppendum utan vallar sem innan, á ferðalagi sem dvalarstað. Saman skipuleggja þeir matartíma, frjálstan tíma, ferðalög og annað. Þjálfari yfirfer búnaði keppenda með góðum fyrirvara.
- Þjálfarar skulu í framkomu sinni og athöfnum vera góð fyrirmynd keppendum.
- TSÍ getur óskað eftir að þjálfarar skili ferðaskýrslu eftir að heim er komið.

Keppendur:

- Keppendur skulu ávallt sýna íþróttamannslega framkomu jafnt utan sem innan keppnisstaðar.
- Keppendur skulu lúta þeim reglum sem fararstjórn og þjálfarar setja enda tengjast þær því að skapa góða ímynd, ná árangri og efla liðsheild.
- Keppendur tilkynna landsliðsþjálfara um nauðsynlega lyfjanotkun, s.s. notkun asmalyfja, með góðum fyrirvara, svo hægt sé að ganga frá nauðsynlegum vottorðum.
- Keppendur bera ábyrgð fyrir sitt leiti að landsliðsbúningar og keppnisföt séu í lagi. Hann skal vinna að því með fararstjóra og þjálfara.
- Keppendur geta aldrei yfirgefið mótstað eða hótél án leyfis þjálfara og fararstjóra.

Dómarar:

- Dómarar skulu með framkomu sinni og athöfnum skapa góða ímynd útávið.
- Dómarar sem sendir eru á mót á vegum TSÍ, aðstoða þjálfara og fararstjóra með hópinn.

Foreldrar:

- Foreldrar og aðrir gestir eru ekki á ábyrgð TSÍ.
- Ferðist þeir með hóp TSÍ, gilda um þá sömu reglur um hæversku og reglusemi sem aðra farþega.
- Foreldrar og aðrir skulu ekki gista á sama stað og keppendur, nema sérstaklega sé frá því gengið fyrir ferð við TSÍ.
- Foreldrar geta ekki tekið börn sín úr hópnum, nema í samráði við þjálfara og fararstjóra.